



BYGGÐASTOFNUN

TEKJUR EINSTAKLINGA

EFTIR SVÆÐUM 2008-2024



Þróunarsvið desember 2025

Þorkell Stefánsson

EFNISYFIRLIT

INNGANGUR OG FYRIRVARI.....	1
ALLAR TEKJUR.....	2
ATVINNUTEKJUR	4
ATVINNUGREINASKIPTING	4
LANDIÐ ALLT.....	5
LANDSHLUTAR	6
SVÆÐI	8
ATVINNUGREINAR	10
KYN.....	13

TÖFLUR

Tafla 1. Heildaratvinnutekjur landshluta 2008-2022 í milljörðum króna (núvirt). 6

Tafla 2. Heildaratvinnutekjur svæða 2008-2022 í milljörðum króna (núvirt).
..... 9

MYNDIR

Mynd 1. Allar tekjur (núvirt) og hlutdeild tekjuliða í heildartekjum 2016-2023.
..... 2

Mynd 2. Hlutdeild tekjuliða í heildartekjum landshluta. 3

Mynd 3. Heildaratvinnutekjur 2008-2023 (núvirt). 5

Mynd 4. Hlutfallsbreyting atvinnutekna landshluta miðað við árið 2016. 7

Mynd 5. Atvinnutekjur á íbúa landshluta 2016-2023 í milljónum kr. 7

Mynd 6. Atvinnutekjur á íbúa svæða 2022 og 2023..... 10

Mynd 7. Heildaratvinnutekjur á greinar 2022 og 2023. 11

Mynd 8. Hlutfallsbreyting atvinnutekna greina miðað við árið 2016. 11

Mynd 9. Hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum landshluta árið 2023. 12

Mynd 10. Atvinnutekjur á launþega eftir kyni 2008-2023 (núvirt)..... 13

Mynd 11. Atvinnutekjur á launþega árið 2023 eftir kyni og landshlutum
(kynjamunur innan sviga). 14

INNGANGUR OG FYRIRVARI

Samkvæmt gildandi byggðaaætlun¹ og lögum um Byggðastofnun² á stofnunin að fylgjast með byggðapróun og helstu áhrifaþáttum hennar með úrvinnslu opinberra gagna og eigin gagnasöfnun. Í auknum mæli hefur stofnunin unnið að því að vinna svæðisbundna tölfraði, þ.e. að greina þá tölfraði sem er til niður á landshluta eða smærri einingar, eftir því sem hægt er miðað við fyrirliggjandi gögn. Einn af þeim þáttum sem mikilvægt er að hafa upplýsingar um eru tekjur eftir svæðum.

Gögn eru fengin af vef Hagstofu Íslands³ sem vinnur þau úr upplýsingum frá Skattinum. Sótt voru mánaðargögn fyrir árin 2008-2024 um 1) launagreiðslur [hér nefndar atvinnutekjur], 2) lífeyrisgreiðslur, 3) fjármagnstekjur, 4) bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum, 5) atvinnuleysisgreiðslur, 6) fæðingarorlofsgreiðslur, 7) fjárhagstaðstoð sveitarfélaga og 8) aðrar staðgreiðsluskyldar greiðslur. Allir þessir tekjuliðir eru úr staðgreiðsluskrá Skattsins nema fjármagnstekjur sem koma úr skattframtölum einstaklinga. Atvinnutekjur innihalda ekki hagnað af rekstri einyrkja sem eru með rekstur á eigin kennitölu. Tekjur einstaklinga

fylgja lögheimili þeirra (tekjuþega) en ekki staðsetningu aðila sem greiða staðgreiðsluskyldar greiðslur. Því er um að ræða tekjur íbúa hvers sveitarfélags eða svæðis. Tekjur einstaklinga sem ekki voru með lögheimili á Íslandi eru ekki taldar með í þessari greiningu. Nánari skýringar á staðgreiðsluskyldum greiðslum má finna á vef Hagstofu Íslands.³

Í niðurstöðum hafa upphæðir fyrri ára verið færðar yfir á verðlag ársins 2024 í samræmi við vísitölu neysluverðs. Því getur verið munur á upphæðum sem hér birtast og þeim á vef Hagstofu Íslands.

Skýrsla þessi inniheldur eingöngu helstu niðurstöður en í mælaborði Byggðastofnunar um tekjur er hægt að skoða stöðu og þróun tekna eftir svæðum og kyni. Þar er jafnframt hægt að skoða hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum eftir svæðum.

Mælaborðið er aðgengilegt á vef Byggðastofnunar⁴

Athugið að upphæðir í mælaborði eru teknar saman út frá minnstu einingu, þannig að heildartölur landshluta eða landsins alls byggja á samanlögðum upphæðum fyrir undirliggjandi sveitarfélög, kyn og tekjuliði en ekki heildartölum eins og þær birtast á vef Hagstofunnar.

¹ <https://www.althingi.is/altext/152/s/1383.html>

² <https://www.althingi.is/lagas/nuna/1999106.html>

³ <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/laun-og-tekjur/tekjur/>

⁴ Mælaborðið inniheldur ekki upplýsingar um tekjur ársins 2024 en verður uppfært um leið og gögn um fjármagnstekjur fyrri ára fyrir öll sveitarfélög landsins verða aðgengileg á vef Hagstofu.

ALLAR TEKJUR


Heildartekjur einstaklinga með lögheimili á Íslandi, þ.e.a.s. samanlagðar atvinnutekjur, lífeyrisgreiðslur, fjármagnstekjur, bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum, atvinnuleysisgreiðslur, fæðingarorlofsgreiðslur, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga og aðrar staðgreiðsluskyldar tekjur, voru 2.872 milljarðar kr. árið 2024 (mynd 1). Heildartekjur einstaklinga voru 3,0% hærri árið 2024 en árið 2023, þegar þær voru 2.787 milljarðar kr.

Á árinu 2024 jókst heildarupphæð atvinnutekna um 1,2% miðað við árið 2023. Lífeyrisgreiðslur jukust um 6,0%, fjármagnstekjur um 12,9%, bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum um 2,5%, atvinnuleysisgreiðslur um 14,5% og fæðingarorlofsgreiðslur um 4,4%.

Árið 2024 voru atvinnutekjur 69,4% af öllum tekjum einstaklinga, fjármagnstekjur 11,0%, lífeyrisgreiðslur 10,5%, bætur frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum 6,7%, atvinnuleysisgreiðslur 0,9%, fæðingarorlofsgreiðslur 0,8%, fjárhagsaðstoð sveitarfélaga 0,2% og aðrar staðgreiðsluskyldar tekjur 0,5%.

Frá 2017 til 2024 jukust heildartekjur á landinu öllu um 26,5% og einstaklingum með tekjur fjölgaði um 18,7%. Á þessu tímabili jukust atvinnutekjur um 19,3% og bætur frá Tryggingastofnun og

sjúkratryggingum um 16,2%. Aðrir stærri tekjuliðir jukust mun meira því lífeyrisgreiðslur jukust um 58,8% og fjármagnstekjur um 55,5%.




Mynd 1. Allar tekjur (núvirt) og hlutdeild tekjuliða í heildartekjum 2017-2024.

Hlutdeild atvinnutekna í heildartekjum einstaklinga var nokkuð mismunandi milli landshluta árið 2024. Á Austurlandi og Suðurnesjum voru atvinnutekjur 74% heildartekna en lægsta hlutdeild atvinnutekna var 67% á Suðurlandi og Norðurlandi vestra (mynd 2). Lífeyrisgreiðslur voru 12% heildartekna einstaklinga í tveimur landshlutum, Norðurlandi vestra og Norðurlandi eystra en lægst hlutdeild lífeyrisgreiðslna var 8% á Suðurnesjum og næst lægst 9% á Austurlandi.

Fjármagnstekjur geta verið mjög mismunandi eftir svæðum og árum því að fáir einstaklingar geta hagnast um háar upphæðir á stöku ári, svo sem vegna sölu fyrirtækja. Á höfuðborgarsvæðinu var hlutfall fjármagnstekna 12% sem var hæsta gildi allra landshluta árið 2024. Árið 2023 var hlutdeild fjármagnstekna 10% á höfuðborgarsvæðinu en hæst 15% á Suðurlandi.

Hlutdeild bóta frá Tryggingastofnun og Sjúkratryggingum af heildartekjum einstaklinga var hæst á Norðurlandi vestra árið 2024 eða 10%. Lægsta hlutdeild bóta var á höfuðborgarsvæðinu 6%. Aðrir tekjuliðir voru með lægri hlutdeild en 1% í öllum landshlutum, að undanskildum atvinnuleysisgreiðslum sem voru 1,8% af heildartekjum einstaklinga á Suðurnesjum árið 2024.



Mynd 2. Hlutdeild tekjuliða í heildartekjum landshluta.

ATVINNUTEKJUR

ATVINNUGREINASKIPTING

Atvinnugreinaskipting atvinnutekna byggir á bálkum ÍSAT2008⁵ en að nokkru leyti er brugðið frá þeirri skiptingu: Báلكi A er skipt í þrennt, í landbúnað og skógrækt, fiskveiðar og fiskeldi og Báلكi C skipt upp í fiskvinnslu og aðra framleiðslu. Þá eru báلكar D og E sem innihalda veitur ýmiskonar sameinaðir í það sem er kallað veitustarfsemi. Einnig eru báلكar B og F sameinaðir en þeir innihalda mannvirkjagerð og hvers konar efnistöku úr jörðu. Báلكar K, L og N eru sameinaðir í flokkinn fjármálastarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta. Í þessari samantekt eru opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta teknar saman en voru áður í þremur flokkum. Þá eru fimm síðustu báلكarnir, R, S, T, U og X, sameinaðir í flokkinn annað.

Skipting atvinnugreina er eftirfarandi (ISAT2008 flokkun innan sviga):

- Byggingastarfsemi (B; F)
- Fiskeldi (A 3.2)
- Fiskveiðar (A 3.1)
- Fiskvinnsla (C 10.2)
- Fjármálastarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta (K; L; N)
- Flutningar og geymsla (H)

- Framleiðsla án fiskvinnslu (C án C 10.2)
- Heild- og smásöluverslun, viðgerðir á vélkn. ökutækjum (G)
- Landbúnaður og skógrækt (A 1; A 2)
- Opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta (O; Q)
- Rekstur gististaða og veitingarekstur (I)
- Sérfræðileg, vísindaleg og tæknileg starfsemi (M)
- Upplýsingar og fjarskipti (J)
- Veitustarfsemi (D; E)
- Annað (R; S; T; U; X)

Í gögnum Hagstofu um atvinnutekjur niður á sveitarfélög er fjöldi einstaklinga sums staðar það lítil að ekki er unnt að birta upphæðir eftir atvinnugreinum vegna persónuverndar. Í þeim tilvikum eru samanlagðar atvinnutekjur allra atvinnugreina lægri en birtar heildaratvinnutekjur í sveitarfélaginu. Í þessari greiningu er mismuninum bætt við upphæðir í flokknum annað til afstemmingar og getur hlutdeild þess flokks því verið hlutfallslega há í fámennum sveitarfélögum.


⁵ <https://hagstofa.is/media/49171/isat2008.pdf>

LANDIÐ ALLT

Á árinu 2024 námu heildaratvinnutekjur 1.992 milljörðum kr. sem var um 23 milljörðum eða 1,2% meira en árið 2023. Hlutfall atvinnutekna var 69,4% af heildartekjum einstaklinga árið 2024.

Atvinnutekjur deilt niður á alla 386.585 íbúa landsins (meðalmannfjöldi) voru um 5,2 milljónir kr. á mann árið 2024 en 9,5 milljónir sé deilt niður á þá u.þ.b. 210 þúsund launþega sem höfðu atvinnutekjur á árinu.⁶

Núvirtar heildaratvinnutekjur á landinu öllu voru 1.418 milljarðar árið 2008 en árið 2010 höfðu þær dregist saman um 20,2% vegna efnahagshrunsins (mynd 3). Árin 2011 til 2014 jukust heildaratvinnutekjur um 2-5% árlega og höfðu náð sömu hæð og 2008 árið 2015. Mikill vöxtur var í atvinnutekjum árin 2015 til 2018 eða frá 5,4% til 9,8% en árið 2019 hægði á vextinum og 2020 lækkuðu heildaratvinnutekjur um 3,4% vegna áhrifa COVID-19. Árið 2021 jukust heildaratvinnutekjur aftur um 4,9% og árið 2022 varð 6,0% aukning. Heldur hægðist á vexti atvinnutekna árið 2023 þegar þær jukust um 3,2% og árið 2024 var vöxturinn 1,2%.



Mynd 3. Heildaratvinnutekjur 2008-2024 (núvirt).

⁶ Meðalfjöldi einstaklinga sem var með launagreiðslur í hverjum mánuði ársins.

LANDSHLUTAR

Atvinnutekjur dreifast með svipuðum hætti milli landshluta og íbúa-fjöldinn (tafla 1). Heildaratvinnutekjur árið 2024 á höfuðborgarsvæðinu voru 1.322 milljarðar króna (66,3%), á Suðurlandi 158 milljarðar (7,9%), á Norðurlandi eystra 151 milljarður (7,6%), á Suðurnesjum 149 milljarðar (7,5%), á Vesturlandi 84 milljarðar (4,2%), á Austurlandi 60 milljarðar (3,0%), á Vestfjörðum 36 milljarður (1,8%) og á Norðurlandi vestra 32 milljarðar (1,6%).

Heildaratvinnutekjur jukust mikið í öllum landshlutum milli 2017 og 2024, mest á Suðurlandi eða um 33% og þar næst á Suðurnesjum eða 32% (mynd 4). Á sama tímabili fjölgaði íbúum á Suðurnesjum um 31% og á Suðurlandi um 26%. Árið 2020 drógust heildaratvinnutekjur saman í öllum landshlutum vegna COVID-19, mest á svæðum þar sem ferðapjónusta er mikilvæg atvinnugrein. Mikil viðspyrna varð árin 2021-2023, sérstaklega á Suðurlandi og Suðurnesjum, en vöxtur atvinnutekna var 27% á Suðurnesjum og 13% á Suðurlandi. Mikil fólksfjölgun var þó í báðum landshlutum á sama tíma.


Árið 2024 var drógust atvinnutekjur saman í tveimur landshlutum: Á Suðurnesjum var samdrátturinn 0,2% en á Austurlandi var hann mun meiri eða 2,8%. Mestur vöxtur var á Suðurlandi 2,1% og á Suðurnesjum 1,5%.

Árið 2024 voru atvinnutekjur á íbúa (meðalmannfjöldi) hæstar á höfuðborgarsvæðinu og Austurlandi eða um 5,4 milljónir (mynd 5). Atvinnutekjur á íbúa lækkuðu milli ára í öllum landshlutum nema á Norðurlandi vestra og Vestfjörðum þar sem þær hækkuðu um minna en 0,5%. Mesta lækkun atvinnutekna á íbúa varð á Austurlandi 4,2%.


Tafla 1. Heildaratvinnutekjur landshluta 2008-2024 í milljörðum króna (núvirt).

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Höfuðborgarsv.	954	772	740	769	790	825	871	946	1.044
Suðurnes	82	67	65	66	68	72	77	86	101
Vesturland	64	55	54	55	56	56	59	63	69
Vestfirðir	29	27	26	26	26	27	27	29	31
Norðurland v.	26	24	23	24	24	24	24	26	27
Norðurland e.	113	100	98	103	104	106	109	117	126
Austurland	53	42	41	43	44	45	46	49	50
Suðurland	97	85	83	87	89	91	94	103	112
Landið allt	1.418	1.172	1.131	1.173	1.200	1.246	1.306	1.420	1.560

	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Höfuðborgarsv.	1.125	1.179	1.188	1.150	1.202	1.266	1.302	1.322
Suðurnes	113	125	126	112	118	137	150	149
Vesturland	72	76	77	74	78	82	83	84
Vestfirðir	31	33	34	34	35	36	36	36
Norðurland v.	28	29	30	30	31	31	32	32
Norðurland e.	131	136	137	135	141	148	150	151
Austurland	51	53	53	54	58	60	62	60
Suðurland	119	127	131	128	137	149	155	158
Landið allt	1.669	1.759	1.777	1.717	1.801	1.908	1.970	1.992



Mynd 4. Hlutfallsbreyting atvinnutekna landshluta miðað við árið 2017.



Mynd 5. Atvinnutekjur á íbúa landshluta 2017-2024 í milljónum kr.

SVÆÐI

Í töflu 2 má sjá heildaratvinnutekjur eftir tekjussvæðum sem ýmist eru stök sveitarfélög eða nokkur sveitarfélög saman. Í mælaborði um tekjur er hægt að sjá upplýsingar um atvinnutekjur í öllum sveitarfélögum landsins.

Sé horft á gögn aftur til 2008 eiga flest svæði það sameiginlegt að heildaratvinnutekjur voru töluvert hærri 2008 heldur en árin á eftir, vegna efnahagshrunsins. Á flestum svæðum höfðu núvirtar heildaratvinnutekjur náð svipaðri upphæð árið 2015 og þær höfðu verið 2008 en á nokkrum svæðum á Suðvesturlandi náðist það ekki fyrr en 2016. Frá þessu eru þó undantekningar, t.d. á Austurlandi án Fjarðabyggðar þar sem sama upphæð atvinnutekna og fyrir hrun náðist ekki fyrr en árið 2021. Þetta stafar að miklu leyti af því að árið 2008 voru ennþá mikil umsvif í byggingageiranum og margir launþegar á svæðinu vegna virkjanaframkvæmda. Heildaratvinnutekjur drógust mikið saman 2009 þegar framkvæmdum lauk og starfsfólk flutti af svæðinu og því var niðursveifla í atvinnutekjum meiri þar en annars staðar. Í Vestmannaeyjum náðist sama upphæð núvirtra atvinnutekna og 2008 strax árið 2011 en þar varð mikil aukning atvinnutekna í fiskveiðum og fiskvinnslu eftir hrun.

Árið 2020 drógust núvirtar heildaratvinnutekjur saman á flest öllum svæðum vegna COVID-19. Mesti samdráttur atvinnutekna varð á svæðum sem áttu mest undir í ferðaþjónustu, þ.e. í Reykjanesbæ

12,9% og í Skaftafellssýslum 11,1%. Árin 2021-2023 jukust heildaratvinnutekjur lang mest á þessum tveimur fyrrnefndu svæðum.

Á árinu 2024 jukust heildaratvinnutekjur á öllum svæðum fyrir utan fimm: Seltjarnarnes, Snæfellsnes, Fjarðabyggð, Vestmannaeyjar og Grindavík. Í Grindavík minnkuðu heildaratvinnutekjur um 28,7% árið 2024 enda fækkaði íbúum um 2.333 (65,2%) á árinu vegna jarðeldanna á Reykjanesskaga. Þar fyrir utan drógust heildaratvinnutekjur mest saman í Vestmannaeyjum eða um 6,4% og þar næst í Fjarðabyggð eða um 5,7%.


Mest aukning heildaratvinnutekna árið 2024 var í uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi eða 6,6% en þar næst í Suðurnesjabæ og Vogum 5,0%. Árið 2024 jukust heildaratvinnutekjur um 4,4% í Rangárvallasýslu, um 3,9% í Árborg og um 3,7% bæði í Garðabæ og Reykjanesbæ.

Árið 2024 voru atvinnutekjur á íbúa (meðalmannfjöldi) hæstar í Garðabæ, á Seltjarnarnesi og í Fjarðabyggð eða 6,1 milljón kr. (mynd 6). Atvinnutekjur voru 3,9 milljónir á hvern íbúa í Húnavatnssýslum árið 2024 en í Borgarfirði og Dölum voru atvinnutekjur á íbúa 4,1 milljón. Atvinnutekjur á íbúa voru nokkuð hærri eða 4,3 milljónir í Rangárvallasýslu, uppsveitum Árnessýslu og Flóahreppi og í Hveragerði og Ölfusi.

Tafla 2. Heildaratvinnutekjur svæða 2008-2024 í milljörðum króna (núvirt).

	2008	2009	2010	2011	2012	2013	2014	2015	2016
Reykjavík	555,6	443,7	421,4	435,2	444,7	463,8	487,6	526,1	576,7
Kópavogur	146,0	120,2	117,0	122,7	126,8	132,4	140,7	155,4	175,5
Hafnarfjörður	116,9	96,3	93,2	97,1	100,3	104,9	112,0	122,4	135,1
Garðabær	70,3	58,5	57,0	59,8	62,7	66,2	69,9	76,2	84,3
Mosfellsbær og Kjós	39,8	33,0	32,3	33,9	35,2	36,8	38,8	42,6	47,4
Seltjarnarnes	25,6	20,6	19,2	19,9	20,1	20,6	21,6	23,5	25,5
Reykjanesbær	55,0	44,0	42,2	43,5	44,7	47,5	51,4	57,6	68,3
Suðurnesjab. og Vogar	16,4	13,2	12,6	12,9	12,9	13,2	13,8	15,1	17,5
Grindavík	10,9	10,1	9,9	10,1	10,5	11,2	11,8	13,7	14,7
Akranes og Hvalfjörður	31,5	27,1	26,9	27,9	27,9	28,3	29,5	32,1	34,8
Snæfellsnes	16,8	15,6	15,6	15,6	15,9	15,6	16,3	17,2	18,2
Borgarbyggð og Dalir	15,6	12,7	11,9	11,8	11,8	12,3	12,9	14,1	15,6
Vestfirðir	29,2	27,3	26,0	25,6	25,8	26,5	27,0	28,9	30,8
Skagafjörður	15,8	14,6	14,4	14,6	14,8	14,9	14,8	15,7	16,9
Húnavatnssýslur	10,2	9,0	8,8	9,1	9,0	9,4	9,3	9,9	10,3
Akureyri	70,8	61,5	60,4	64,2	64,8	66,9	68,8	73,8	79,2
Eyja fjörður án Akureyrar	24,6	22,1	22,0	22,5	22,5	22,6	23,5	25,5	26,5
Þingeyjarsýslur	18,0	16,1	15,8	16,2	16,3	16,5	16,7	18,2	20,5
Fjarðabyggð	26,5	22,4	22,4	23,8	24,2	24,2	24,8	26,8	26,5
Austurland án Fjarðab.	26,1	19,7	19,0	19,7	20,1	20,5	21,1	22,4	23,4
Svf. Árborg	29,9	25,1	23,7	24,6	24,9	25,9	27,4	30,2	33,5
Hveragerði og Ölfus	15,8	13,7	13,4	13,6	13,8	13,9	14,6	16,0	17,7
Vestmannaeyjar	18,9	17,4	18,4	20,7	21,2	20,8	19,8	21,6	21,5
Skaftafellssýslur	11,6	10,6	10,4	10,8	11,5	11,7	12,0	13,0	14,4
Rangárvallasýsla	10,9	9,7	9,5	9,5	9,7	9,9	10,5	11,4	12,9
Uppsveitir og Flóah.	9,5	8,1	7,7	8,0	8,3	8,8	9,5	10,6	11,9
Landið allt	1.418,0	1.172,3	1.131,3	1.173,3	1.200,2	1.245,5	1.306,2	1.419,9	1.559,6

	2017	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024
Reykjavík	618,3	644,1	645,2	617,9	647,7	685,2	707,1	715,5
Kópavogur	189,0	198,0	201,1	195,9	205,5	213,0	217,8	219,5
Hafnarfjörður	145,4	152,5	151,8	145,9	148,2	156,1	160,0	163,8
Garðabær	92,2	97,9	100,4	100,2	106,4	112,8	116,0	120,3
Mosfellsbær og Kjós	52,6	58,7	62,5	62,7	66,8	70,8	73,2	74,8
Seltjarnarnes	27,0	27,9	27,5	27,0	27,6	28,6	28,0	27,9
Reykjanesbær	78,3	87,4	87,6	76,3	81,1	96,0	106,5	110,5
Suðurnesjab. og Vogar	19,3	21,2	21,0	19,5	20,3	22,3	23,9	25,1
Grindavík	15,1	16,4	17,0	16,3	16,9	18,5	19,2	13,7
Akranes og Hvalfjörður	37,0	39,6	39,7	38,6	41,0	42,8	44,0	44,1
Snæfellsnes	17,9	18,9	19,4	19,1	19,7	20,0	19,9	19,6
Borgarbyggð og Dalir	17,0	17,8	17,7	16,8	17,6	19,1	19,5	19,9
Vestfirðir	31,2	33,1	33,7	33,6	35,2	35,7	36,1	36,4
Skagafjörður	17,1	17,9	18,8	19,0	19,3	19,7	20,0	20,2
Húnavatnssýslur	10,6	11,0	11,2	11,1	11,5	11,6	11,6	11,7
Akureyri	82,4	85,3	86,2	85,1	89,4	93,1	95,0	95,0
Eyja fjörður án Akureyrar	26,1	27,6	28,3	28,1	28,8	30,5	31,3	31,9
Þingeyjarsýslur	22,5	23,3	22,8	21,6	22,3	24,0	24,1	24,4
Fjarðabyggð	26,9	28,2	28,1	28,5	31,2	32,4	33,5	31,6
Austurland án Fjarðab.	24,3	25,0	25,3	25,3	27,1	27,6	28,1	28,3
Svf. Árborg	36,5	39,5	41,4	41,8	45,1	48,5	50,8	52,7
Hveragerði og Ölfus	18,9	19,8	20,6	20,5	22,1	23,7	25,1	25,8
Vestmannaeyjar	21,0	21,4	21,6	22,1	23,4	24,4	24,3	22,8
Skaftafellssýslur	15,6	17,2	17,7	15,7	17,0	19,7	21,0	21,4
Rangárvallasýsla	13,6	14,8	15,5	14,5	15,1	16,5	17,3	18,0
Uppsveitir og Flóah.	13,7	14,5	14,5	13,7	14,4	15,7	16,5	17,6
Landið allt	1.669,4	1.759,1	1.776,7	1.716,8	1.800,5	1.908,4	1.969,7	1.992,3




Mynd 6. Atvinnutekjur á íbúa svæða 2023 og 2024.


ATVINNUGREINAR

Stærsta atvinnugreinin mæld í atvinnutekjum árið 2024 var opinber stjórnsýsla, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónusta með 611 milljarða kr. (30,7%), heild- og smásöluverslun og viðgerðir á vélknúnum ökutækjum kom næst með 202 milljarða (10,1%), fjármálastarfsemi og ýmis sérhæfð þjónusta var með 181 milljarða (9,1%) og framleiðsla án fiskvinnslu með 179 milljarða (9,0%) (mynd 7).

Á tímabilinu 2017 til 2024 jukust heildaratvinnutekjur í flestum atvinnugreinum um 10-30%. Mest hlutfallsleg aukning 2017-2024 var í fiskeldi, en heildaratvinnutekjur í greininni hækkuðu úr 4,3 milljörðum í 9,7 eða um 126% (mynd 8). Vöxtur atvinnutekna í fiskeldi hefur verið yfir 10% á ári síðan 2021. Mikil aukning atvinnutekna varð einnig í byggingastarfsemi árin 2017-2024 eða 52%. Árin 2017-2019 var mikil aukning atvinnutekna í rekstri gisti- og veitingastaða árin en árin 2020 og 2021 varð mikill samdráttur í greininni vegna COVID-19. Árið 2022 höfðu heildaratvinnutekjur aftur tekið við sér og voru orðnar hærri en önnur ár sem gögnin ná yfir og á árinu 2023 jukust atvinnutekjur í greininni aftur um 9% og héldust svo svipaðar árið 2024. Mikill samdráttur varð í atvinnutekjum í fiskveiðum árið 2023 þegar þær minnkuðu um 7,5% og aftur um 14,8% árið 2024. Auk þess varð talsverður samdráttur í atvinnutekjum í fiskvinnslu árið 2024 eða 7,6%.




Mynd 7. Heildaratvinnutekjur á greinar 2023 og 2024.



Mynd 8. Hlutfallsbreyting atvinnutekna greina miðað við árið 2017.

Hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum er töluvert ólík milli landshluta og enn margbreyttari ef horft er á tekjuspæði eða sveitarfélög (mynd 10). Hæst hlutfall opinberrar stjórnsýslu, fræðslustarfsemi, heilbrigðis- og félagsþjónustu árið 2024 var á Norðurlandi vestra þar sem greinin stóð fyrir 40% heildaratvinnutekna en næst hæst var hlutdeild greinarinnar á Norðurlandi eystra. Lægsta hlutdeild opinbera geirans var 22% á Suðurnesjum. Verslun og viðgerðir vélknúinna ökutækja var fyrirferðamest á höfuðborgarsvæðinu og Norðurlandi vestra þar sem greinin stóð fyrir 11% af heildaratvinnutekjum. Framleiðsla án fiskvinnslu var áfram mikilvægust fyrir tvo landshluta, Austurland þar sem hlutdeild greinarinnar í heildaratvinnutekjum árið 2024 var 19% og Vesturland þar sem hlutdeildin var 18%.

Fjármálastarfsemi og sérhæfð þjónusta hafði hæsta hlutdeild á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurnesjum og flutningar og geymsla hefur lang hæsta hlutdeild á Suðurnesjum eða 19%. Fiskveiðar og fiskvinnsla voru hlutfallslega mikilvægastar fyrir atvinnutekjur á Vestfjörðum árið 2024 þar sem hlutdeild greinarinnar var 22%, á Austurlandi var hún 18% og á Vesturlandi 12%. Rekstur gisti- og veitingastaða var áfram mjög mikilvæg atvinnugrein fyrir Suðurland, þar sem hlutdeild hennar var 10% í heildaratvinnutekjum.




Mynd 9. Hlutdeild atvinnugreina í atvinnutekjum landshluta árið 2024.

KYN

Árið 2024 voru atvinnutekjur kvenna 826 milljarðar kr. eða 41,5% af heildaratvinnutekjum og atvinnutekjur karla voru 1.167 milljarður kr. eða 58,5% af heildaratvinnutekjum. Til viðmiðunar voru konur um 49% af íbúum landsins 1. janúar 2024 en karlar 51%.⁷ Hlutfall kvenna af einstaklingum sem höfðu launatekjur (launþegum) árið 2024 var nokkuð lægra eða 47%.⁸

Heildaratvinnutekjur kvenna á hvern kvenkyns launþega voru 8,38 milljónir kr. árið 2024 og atvinnutekjur karla á hvern karlkyns launþega voru 10,46 milljónir kr., eða 24,8% hærri (mynd 10). Munurinn er háður fleiri þáttum en kyni, t.d. vinnustundum og atvinnugrein, sem eru mismunandi eftir kyni.⁹ Mestur kynjamunur á atvinnutekjum á launþega 2008-2024 var árið 2008 þegar hann var 55,8%. Munurinn minnkaði niður í 51,2% árið 2009 og hefur minnkað um 1-4 prósentustig á ári frá 2012. Frá 2017 hafa atvinnutekjur á kvenkyns launþega hækkað um 8,9% en atvinnutekjur á karlkyns launþega um 0,5%.



Mynd 10. Atvinnutekjur á launþega eftir kyni 2008-2024 (núvirt).


⁷ <https://hagstofa.is/talnaefni/ibuar/mannfjoldi/sveitarfelog-og-byggdakjarnar/>

⁸ <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/laun-og-tekiur/tekiur/>

⁹ <https://hagstofa.is/talnaefni/samfelag/vinumarkadur/vinumarkadsrannsokn/>

Atvinnutekjur á kvenkyns launþega voru lang hæstar á höfuðborgarsvæðinu árið 2024 eða 8,8 milljónir króna. Í öðrum landshlutum voru atvinnutekjur á kvenkyns launþega á bilinu 7,3 til 7,9 milljónir kr. Atvinnutekjur á karlkyns launþega voru hæstar á Austurlandi árið 2024 eða 11,1 milljón króna en lægst á Norðurlandi vestra 9,5 milljónir.

Bilið á milli atvinnutekna á launþega hjá körlum og konum var nokkuð misbreitt eftir landshlutum árið 2024. Kynjamunur á atvinnutekjum á launþega var mestur í landshlutanum með hæstar heildaratvinnutekjur á íbúa, þ.e.a.s. á Austurlandi þar sem atvinnutekjur karlkyns launþega voru 44,5% hærri en atvinnutekjur kvenkyns launþega (mynd 11). Næst mestur kynjamunur var á Vesturlandi og Vestfjörðum þar sem atvinnutekjur á launþega voru um 37% hærri hjá körlum en konum. Minnstur kynjamunur hvað varðar atvinnutekjur á launþega var á höfuðborgarsvæðinu eða 21,5% og næst minnstur á Suðunesjum 26,8%.



Mynd 11. Atvinnutekjur á launþega árið 2024 eftir kyni og landshlutum (kynjamunur innan sviga).